

Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 28. október 2021

Mál nr. K-1991/2021:

A

(Garðar Gíslason lögmaður)

gegn

B

og

C

(Sigurður G. Guðjónsson lögmaður)

Úrskurður:

Mál þetta sem barst dóminum 1. október 2021, var þingfest 12. október og tekið til úrskurðar 25. október sl. Sóknaraðili er A. Varnaraðilar eru B, og C.

Sóknaraðili krefst ógildingar á ákvörðun sýslumannsins á [...] frá 28. september 2021 um að fallast ekki á kröfu sóknaraðila um lögbann við því að varnaraðilar komi á starfsstöðvar sóknaraðila að [...], sbr. lögbannsmál nr. 2/2021, og að lagt verði fyrir sýslumann að verða við þeirri beiðni, eftir atvikum gegn tryggingu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Varnaraðilar krefjast þess að úrskurður sýslumannsins á [...] verði staðfestur og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðilum málskostnað að mati dómsins.

I.

Í málsatvikalýsingu sóknaraðila kemur fram að hann sé rekstraraðili A sem hafi verið starfrækt frá árinu 1986 í [...]. Hluthafar séu fjórir og sé varnaraðili B einn þeirra en hann sé eigandi að 19,75% hluta í sóknaraðila. Varnaraðili C sé maki B. Varnaraðilar sitji ekki í stjórn félagsins né hafi nokkrar starfsskyldur við rekstur [...].

Þá segir að undanfarin misseri hafi varnaraðilar endurtekið komið á starfsstöðvar sóknaraðila og viðhaft þar háttsemi sem sé til þess fallin að vera skaðleg starfsmönnum sóknaraðila og þar með starfsemi hans auk þess að valda [...] og öðrum viðskiptamönnum sóknaraðila truflunum. Um sé að ræða háttsemi sem sé studd

kvörtunum frá starfsmönnum sóknaraðila og upptökum úr öryggismyndavélum á starfsstöðvum sóknaraðila. Eru rakin í lögbannsbeiðni sóknaraðila dæmi um komur varnaraðila á [...] þar sem starfsfólk er áreitt, m.a. með upptökum á farsíma, afskiptum af starfsháttum starfsfólks, tilraunum til að fara inn á skrifstofur framkvæmdastjóra, tilraunum til að komast inn í [...] án þess að eiga þar bókun, ruðningi inn á [...] sem hafi verið í útleigu og hótunum til starfsmanna um uppsagnir.

Með bréfi þann 23. desember 2020 frá sóknaraðila til varnaraðila B var skorað á varnaraðila að láta af háttseminni sem ítrekað var með bréfum þann 9. mars og 24. júní 2021.

Í gögnum málsins liggur fyrir fjöldi kvartana starfsmanna til sóknaraðila þar sem ótilhlýðileg háttsemi varnaraðila á starfsstöð sóknaraðila er útlustuð, síðast um miðjan október 2021.

II.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að hann freistist til þess að fá lögbann við endurteknum komum varnaraðila á starfsstöð sóknaraðila þar sem varnaraðilar hafi viðhaft háttsemi sem sé til þess fallin að vera skaðleg starfsmönnum sóknaraðila og þar með starfsemi hans, auk þess að valda [...] og öðrum viðskiptamönnum sóknaraðila truflunum.

Sóknaraðili byggir á því að sýslumaður hafi ekki rakið forsendur fyrir þeirri ákvörðun að synja um kröfu sóknaraðila um lögbann við athöfnum varnaraðila. Sóknaraðili telur einsýnt að það skilyrði að athöfn sé byrjuð eða yfirvofandi, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, sé uppfyllt með vísan til málsástæðna og gagna málsins. Þá byggir hann á því að sú háttsemi varnaraðila sem lýst sé í lögbannsbeiðninni sé ólögmat og brjóti gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Að auki telur sóknaraðili útilokað að hann geti tryggt hagsmuni sína með öðrum hætti, svo sem með skaðabótum, og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði ráðstafanir varnaraðila ekki stöðvaðar. Telur sóknaraðili sig hafa sýnt fram á í lögbannsbeiðni sinni að uppfyllt séu skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990.

III.

Varnaraðilar mótmæla kröfu sóknaraðila og byggja á því að skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 séu ekki uppfyllt. Kveður varnaraðili B sig hafa deilt við bróður sinn, D, sem einnig sé hluthafi í sóknaraðila, um ýmis mál tengd rekstri sóknaraðila og félagsins [...] ehf., sem þeir séu einnig báðir hlutafar í. [...] ehf. sé eigandi að [...] sem sóknaraðili

leigi. Þá hafi varnaraðilinn B þann rétt að lögum að sækja hluthafafundi í sóknaraðila. Samkvæmt 55. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög skuli halda hluthafafundi á heimili félagsins nema félagssamþykktir kveði svo á að fundi megi halda á öðrum stað. Slíka heimild sé ekki að finna í samþykktum sóknaraðila. Því muni lögbann á hendur varnaraðilum svipta hluthafa rétti til að sækja hluthafafundi á þeim stað þar sem þá ber að halda. Þá myndi varnaraðili B ekki geta veitt C umboð til að sækja hluthafafund verði lögbann sett á varnaraðila. Þegar af þessari ástæðu sé ekki hægt að verða við lögbannskröfu sóknaraðila um að einum hluthafa sé meinaður aðgangur að heimili félagsins.

Samkvæmt 24. gr. laganna megi leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Í gerðarbeiðni sóknaraðila sé ekki gerð grein fyrir neinni byrjaðri eða yfirvofandi athöfn varnaraðila sem sóknaraðili hafi sannað eða gert sennilegt að muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans.

Sóknaraðili telji upp átta tilvik sem hafi gerst á tímabilinu 23. nóvember 2020 til 17. júní 2021 í gerðarbeiðni sinni. Þessi átta tilvik sanni ekki að skilyrði lögbanns séu til staðar þar sem þau séu öll liðin undir lok. Atvik og atburðir, sem liðnir séu undir lok, sanni hvorki yfirvofandi né byrjaða athöfn sem stöðva megi með lögbanni. Þá sé ljóst að réttindi sóknaraðila, ef einhver séu, muni ekki fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum þótt hann verði að bíða dóms um það hvort hann geti útilokað varnaraðila frá því að koma inn á [...], sem öllum sé opið, til að eiga þar viðskipti.

Sóknaraðili geti ekki með lögbanni fengið bann við því að varnaraðilar komi inn á starfsstöð hans til að kaupa sér [...]. Telji sóknaraðili að varnaraðilar fari ekki að lögum í samskiptum sínum við starfsmenn hans verði að rannsaka þær ásakanir af lögreglu eins og allar sakir um meinta refsiverða háttsemi. Meðan á rannsókn standi og einhverjum einstaklingi í starfsliði sóknaraðila finnist eins og að honum standi ógn af varnaraðilum geti komið til álita að beita nálgunarbanni á grundvelli laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Um úrræði vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sé ekki ágreiningur eins og sjá megi af fundargerð stjórnarfundar sóknaraðila frá 18. júní 2021, sbr. og bréf lögmans sóknaraðila til varnaraðila frá 24. júní 2021. Af einhverjum ástæðum treysti sóknaraðili, eða þeir sem telji sig þolendur ofbeldis eða áreitiss af hálfu varnaraðila, sér ekki til að kæra varnaraðila til lögreglu til að fá hið sanna og rétta leitt í ljós. Um rétt starfsfólks og sóknaraðila til skaðabóta og hugsanlega miskabóta fari eftir

reglum skaðabótaréttar. Með þeim hætti sé réttur þessara aðila nægjanlega tryggur og því geti ekki komið til þess að lögbanni verði beitt.

Varnaraðilar gera kröfu um málskostnað með vísan til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. og 35. gr. laga nr. 31/1990 og 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

IV.

Til úrlausnar í máli þessu er hvort fella eigi úr gildi úrskurð sýslumannsins á [...] frá 28. september sl. í lögbannsmáli nr. 2/2021 eða staðfesta úrskurðinn. Vísaði sóknaraðili máls þessa kröfunni til héraðsdóms þann 1. október sl. með vísan til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990 og gerir í fyrsta lagi þá dómkröfu að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á [...] um að synja kröfu sóknaraðila um lögbann á hendur varnaraðilum. Í öðru lagi er þess einnig krafist að lagt verði fyrir sýslumanninn, eftir atvikum gegn tryggingu sem hann metur nægilega úr hendi sóknaraðila, að leggja þá þegar lögbann við komu varnaraðila á starfsstöðvar sóknaraðila að [...].

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 31/1990 getur gerðarbeiðandi m.a. krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um synjun lögbannsgerðar með því að tilkynna það sýslumanni innan viku frá því að honum verður sú ákvörðun kunn. Enginn áskilnaður er gerður í lögunum um að jafnframt sé þess krafist í máli að lagt verði fyrir sýslumann að leggja á lögbann. Er því hafnað að réttarfarsleg nauðsyn standi til þess að sú krafa verði gerð og eru því ekki efni til þess að taka þá kröfu til efnismeðferðar og er henni því vísað frá dómi án kröfu.

Með 24. gr. laga nr. 31/1990 gerði löggjafinn ráð fyrir að heimildir til lögbannsgerðar yrðu þrengdar talsvert frá því sem áður var. Gerðarbeiðandi þarf nú að sanna eða gera sennilegt að athöfn gerðarþola brjóti gegn rétti hans. Lögbanni verður ekki beitt nema gerðarbeiðandi sanni eða geri sennilegt að hagsmunir hans muni fara forgörðum, verði hann knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Með því að lögbann er í eðli sínu neyðarráðstöfun verður að telja ófært að því sé beitt í tilvikum þar sem almenn úrræði geta komið til. Sú athöfn, sem banna á, verður að vera byrjuð eða yfirvofandi. Það er ekki nægilegt að hún sé hugsanleg einhvern tímann síðar. Gerðarþoli verður að hafa sýnt hug sinn ótvírætt í verki. Engin lagaheimild er fyrir því að leggja lögbann við því að gerðarþoli hafi tækifæri til að brjóta rétt á manni enda þótt tilgreint sé með hvaða hætti það gæti gerst.

Eins og máli þessu er háttað og gögn bera með sér telur dómurinn að sóknaraðili hafi sýnt nægjanlega fram á að varnaraðilar hafi haft uppi háttsemi sem sé fallin til þess

að áreita starfsmenn sóknaraðila og rýra ásýnd rekstrar hans að því marki sem viðskiptavinir verða vitni að þeirri háttsemi ef sannast.

Þrátt fyrir það hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á, svo sannað sé, að varnaraðilar muni halda uppteknum hætti og með því brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að varnaraðilar hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi sóknaraðila muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Þá liggur fyrir að háttsemi varnaraðila hefur í öllum tilvikum, sem lýst hefur verið í gögnum málsins, beinst að einstaka starfsmanni eða starfsmönnum í hvert sinn.

Þá verður lögbann ekki lagt við athöfn sem liðin er. Að auki hefur ekki verið sýnt fram á að réttindi sóknaraðila muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um háttsemi varnaraðila. Auk þessa segir í greinargerð með 24. gr. laganna að með athöfn í 1. mgr. 24. gr. sé átt við virka aðgerð gerðarþola eða ástand sem sé afleiðing athafna hans. Í framkvæmd megi jöfnum höndum finna dæmi um að lögbann sé lagt við einni tiltekinni athöfn eða til að stöðva ástand sem hafi leitt af tiltekinni athöfn. Sóknaraðili hefur í máli þessu ekki sýnt fram á ástand hjá sóknaraðila sem sé afleiðing athafna varnaraðila né að hægt sé að leggja lögbann á hugsanlega háttsemi varnaraðila sem ekki er ljóst hverjar geti verið.

Að þessu virtu verður ákvörðun sýslumannsins á [...] í lögbannsmáli nr. 2/2021 frá 28. september sl., um að ekki sé unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um lögbann með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, staðfest.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal sá sem tapar máli í öllu verulegu að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Ber því að úrskurða sóknaraðila til greiðslu málskostnaðar til handa varnaraðilum sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur handa hvoru þeirra.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, A, um að lagt verði fyrir sýslumanninn á [...], eftir atvikum gegn tryggingu, að leggja þá þegar lögbann við komu varnaraðila, B og C, á starfsstöðvar sóknaraðila að [...], er vísað frá dómi.

Ákvörðun sýslumannsins á [...] frá 28. september 2021 í lögbannsmáli nr. 2/2021 um að fallast ekki á kröfu sóknaraðila um lögbann með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 er staðfest.

Sóknaraðili greiði hvorum varnaraðila fyrir sig 200.000 krónur í málskostnað.